



VERKLAGSREGLUR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR KKI

1. gr.

Ákvörðunarbærni

Aga- og úrskurðarnefnd KKI (hér eftir „nefndin“) er bær til þess að taka ákvörðun, hvort sem er vegna agamála eða kærumála, ef þrír nefndarmenn taka þátt í meðferð málsins.

Þegar nefnd er ákvörðunarbær ræður meirihluti úrslitum mála.

2. gr.

Skipan nefndar

Formaður getur ákveðið að tiltekinn hluti nefndarinnar sinni daglegum verkefnum nefndar og venjulegum agamálum um ákveðinn tíma (hér eftir nefndur „hópurinn“). Nefndin skal ávallt vera að fullu skipuð í málum er varða úrslitakeppni meistaraflokka.

Að lágmarki einn löglærður nefndarmaður skal vera hluti hópsins.

Formaður skal tilnefna nefndarmann sem tekur á móti kæru frá skrifstofu KKI. Sá nefndarmaður ber ábyrgð á málsmeðferð hvers og eins máls (hér eftir nefndur „ábyrgðarmaður“).

3. gr.

Hæfi nefndarmanna

Nefndarmaður er vanhæfur að taka þátt í meðferð mála ef:

- a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmáður aðila.
- a) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
- b) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
- c) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- d) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í lið d.
- e) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
- f) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Hver og einn nefndarmaður ber ábyrgð á hæfi sínu. Skal hann tilkynna öðrum nefndarmönnum um vanhæfi sitt sem fyrst. Skal hann þá ekki taka frekari þátt í meðferð málsins.

Ef athugasemd berst nefndinni eða grunur leikur á að nefndarmaður hafi verið vanhæfur við meðferð máls skal formaður ákveða hvort málið sé endurupptekið.



4. gr.

Málsmeðferð

Fulltrúi nefndarinnar, sem er skipaður af formanni og er starfsmaður KKI, sér um samskipti við málsaðila fyrir hönd nefndarinnar.

Við móttöku atvikaskýrslu dómara eða kærur, sem ekki fela í sér sjálfkrafa bann, skal fulltrúi senda öll gögn á ábyrgðarmann málsins.

Ábyrgðarmaður skal að jafnaði yfirfara mál og gera tillögu til annarra nefndamanna um niðurstöðu máls. Ef til ágreinings kemur skal viðhafa atkvæðagreiddslu.

Niðurstöður kærumála eru að jafnaði rökstuddar. Niðurstöður agamála eru að jafnaði ekki rökstuddar.

Nefnd eða nefndarmanni er heimilt að rökstyðja niðurstöðu sína í úrskurði.

Að jafnaði er málsmeðferð með rafrænum hætti, nema að formaður ákveði annað í hvert og eitt skipti

Formaður nefndar skipar fulltrúa nefndarinnar, sem er starfsmaður KKI, sem sér um að kveða upp úrskurði sem fela í sér í sjálfkrafa leikbönn.

5. gr.

Full nefndarþátttaka

Ef nefndinni berst eftirfarandi tegund af málum skal ábyrgðarmaður óska eftir að öll nefndin taki þátt í meðferð málsins:

1. Kærumál.
2. Agamál sem mögulega varðar tveggja leikja bann.
3. Óvenjulegt/fordæmisgefandi mál að öðru leyti til.

6. gr.

Vistun mála

Skrifstofa KKI ber ábyrgð á vistun kæra og úrskurða nefndarinnar í samstarfi við formann nefndarinnar

Ábyrgðarmaður skal senda fulltrúa nefndarinnar úrskurði á rafrænu formi, sem sér um birtingu þeirra.

7. gr.

Skipulag

Formaður skal útbúa skipulag í byrjun ágúst þar sem hver og einn nefndarmaður er skipaður ábyrgðarmaður fyrir tiltekinn tíma fyrir næsta tímabil.

Skal formaður gefa nefndarmönnum tvær vikur til að gera athugasemdir við skipulagið. Skal reynt að koma til móts við óskir nefndarmanna.

Ef nefndarmaður getur af einhverjum orsökum ekki sinnt verki sínu sem ábyrgðarmaður skal hann tilkynna formanni slíkt sem fyrst.

Skrifstofu KKI skal tilkynnt um skipulagið í upphafi tímabils. Ber fulltrúa nefndarinnar að senda atvikaskýrslur dómara og/eða kærur á viðkomandi ábyrgðarmann í hvert og eitt skipti.

Reglur þessar eru gerðar með vísan í ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar KKI um aga- og úrskurðarmál og staðfestar af stjórn KKI þann 07.09.2020.